
FORNLEIFASKRÁNING: ÆRHÚSBAKKI Í LANDI HROSSHAGA, BLÁSKÓGABYGGÐ



BRYNJA ÁRNADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1073-25401



*Á forsíðumynd er fjárhús þar sem áður voru Heimrihús ÁR-387:009, horft til ANA.
Myndina tók Brynja Árnadóttir.*

Verkefnanúmer MÍ: 3525

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan 6 ha deiliskipulagsreits sem nefnist Ærhúsbakki (L235706) og byggist úr landi Hrosshaga í Biskupstungum, nú Bláskógabyggð. Innan svæðisins er fyrirhugað að byggja íbúðarhús og útihús en auk þess verður lagður vegur að mannvirkjunum. Skráningin var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda. Þjóðminjasafn Íslands hafði áður unnið fornleifaskráningu á svæðinu og var þá aðeins skráð ein fornleif innan svæðis. Við skráninguna 2025 var einni fornleif bætt við. Fornleifarnar voru báðar skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Ærhúsbakki, Hrosshagi, Bláskógabyggð.

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within a 6-hectare assessment area named Ærhúsbakki which previously belonged to the farm of Hrosshagi in Bláskógabyggð municipality. The survey was carried out by The Institute of Archaeology in Iceland on behalf of landowners as part of the planning process for proposed developments. In a prior general survey of archaeological sites in Biskupstungnahreppur, carried out by Þjóðminjasafn Íslands, one site was surveyed within the area. The 2025 survey recorded one additional site. Both sites are at high risk due to the proposed construction activities.

Keywords:

Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Ærhúsbakki, Hrosshagi, Bláskógabyggð.

Efnisyfirlit


1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	11
4. Fornleifaskrá	14
5. Niðurstöður.....	17
6. Heimildir	19
Viðauki: Minjakort	21



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðis er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ.

1. Inngangur

Fornleifastofnun Íslands vann í nóvember 2025 fornleifaskráningu innan 6 ha deiliskipulagsreits sem nefnist Ærhúsbakki og tilheyrði áður jörðinni Hrosshaga í Biskupstungum, nú Bláskógabyggð. Skráningin var unnin fyrir hönd landeigenda vegna áætlana um uppbyggingu íbúðarhúsa og útihúss auk lagningu vegar að mannvirkjunum.



Mynd 2: Framkvæmdarsvæðið er 6 ha og er afmarkað með blárri línu á myndinni. Innan þess eru tvær fornleifar, leið ÁR-691:046 og útihús ÁR-387:009. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Innan skráningarsvæðisins eru ræktuð tún og mólendi sem afmarkast af skurðum til allra átta nema til norðurs. Þar er vegslóði sem liggur frá Hrosshagavegi til suðvesturs að fjárhúsum á Ærhúsbakka. Nýting svæðisins hefur lítið breyst í gegnum tíðina. Helsta breytingin er á suðausturhluta svæðisins en á loftmynd frá 1975 má sjá að þar var tún sem nú hefur verið framræst, (sjá mynd 2).

Árið 1986 var gerð fornleifaskráning í Hrosshaga á vegum Þjóðminjasafns Íslands, ein þeirra fornleifa sem þá voru skráðar lendir innan núverandi deiliskipulagsreits.¹ Árið 2015 gerðu Fornleifastofnun Íslands og Bláskógarbyggð samning um bæði svæðis- og aðalskráningu í sveitarfélaginu. Aðalskráningin náði yfir hluta sveitarfélagsins og var Hrosshagi ekki meðal þeirra jarða sem þá voru heimsóttar. Svæðisskráning (heimildaúttekt) var hins vegar gerð fyrir sveitarfélagið í heild sinni² og byggir þessi skráning á henni auk skráningu Þjóðminjasafnsins.

Við skráninguna 2025 var gengið skipulega yfir allt svæðið í leit að minjum og voru tvær fornleifar skráðar innan marka þess. Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi og var úrvinnsla og skýrslugerð unnin í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Brynju en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti sem sýnir skráðar minjar innan skráningarsvæðis.

¹ Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986.

² Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2015.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlurverk


Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúngueg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfi eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fiersla í heimildaskrá

Hætta sem steðjar að fornleif

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-387:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-387:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar

upplýsingar um þær minjar sem eru innan skráningarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og hver staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-387:012). Önnur af fornleifunum tveimur sem skráðar voru telst til þeirra minja sem ekki tengjast einstaka bújörð, heldur ná yfir fleiri en eina jörð innan sveitarfélagsins. Slíkar fornleifar fá því ekki númer sem bundið er við ákveðna jörð, heldur almennt númer sem nær til allra fornleifa af þessu tagi í hverju sveitarfélagi. Í þessu tilviki er það ÁR-691 „Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Biskupstungnahreppi“.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki.

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Á síðari stigum er þá gjarnan tekið tillit til minja við útfærslu framkvæmda, eða ef það er ekki unnt, beðið um álit Minjastofnunar Íslands á því hvort og þá með hvaða skilyrðum slíkir minjastadir mega víkja. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-387 Hrosshagi

Sögulegar heimildir

13.7.1456: Vitnisburður Jóns prests Oddssonar um landamerki Torfastaða í Biskupstungum „[...] Torfastader ætte alla veide i læknum ofan fra gôtunne. og so allar eingiar og landsleg ofan fra Klofningum og so vestur med vijkenne ad garde er geingur fyrer austan Tuned i Hrosshaga [...] Jtem sagde offtnefndur Magnus. ad gardur sa er geingur fyrer austan Hrosshaga. og upp ad Klofnalækjar botnum. þess er fellur fyrer austan Miklaholtt. være landamerkisgardur i millum Skálholts og Torfastada,” DI V, 143-144.

1686: 16 hdr. 160 ál. Skálholtskirkjueign. BL, 112.

1695: 16 hdr. 80 ál. Skálholtskirkjueign. BL, 112.

1709: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtskirkjueign. JÁM II, 293.

1847: 26 hdr. Skálholtsstólsjörð. JJ, 69.

Árið 1896 voru 7 bæjarhús og 8 peningshús í Hrosshaga. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 1 bæjarhús og 2 peningshús mjög skemmd. 2 bæjarhús og 3 peningshús voru lítið skemmd. Þorvaldur Thoroddsen, 176.

„Nafn jarðarinnar mun af því dregið, að stóllinn í Skálholti notaði land jarðarinnar mjög til hrossabeitar, þótt jörðin væri ekki beinlínis hjáleiga frá staðnum.” SB I, 152.

Landkostir

Túnakort 1920: Tún 3.3 ha. Girt. Slétt ca 1/3. Matjurtagarðar 838 m².

Skrúðgarður var við bæinn í Hrosshaga. Inn til fjalla II, 189, 192.

1709: „Vatnsból á vetur er óhægt, langt og torsókt til að sækja fyrir inni-pening. Engjar eru mjög litlar, og bágð að ná heyr þegar vatnavextir eru og fljótið uppá flýtur, álíka og sagt er um Höfða.” JÁM II, 293.

„Þetta er ekki landrýmisjörð. Meirihluti jarðarinnar er mýrlendi með þægilegum halla, sem auðveldar alla framræslu. Í flestum vetrum er þarna snjólétt og gott til beitar fyrir fé og hross. Langt er síðan ræktun hófst á framræstu landi, en síðustu árin hefur hún verið mjög mikil. Silungsveiði er nokkur í Hrosshagavík, mótak var talið gott, en hefur ekki verið notað síðustu áratugi.” SB I, 152.

„Í Tunguey var líka heyjað frá Hrosshaga þegar þær [Guðrún og Gunnþórunn Víglundsdaur í Höfða] voru litlar,” segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 1195.

„Í tíð sr. Magnúsar Helgasonar var skift á slægjum þar [í Mótanga] og mótekju í Hrosshagalandi.” Ö-Torfastaðir og Torfastaðakot, 5.



Mynd 4. Núverandi fjárhús á Ærhúsbakka, horft til suðvesturs.

Á herforingjaráðskorti 47 NV frá 1910 er merkt útihús á Ærhúsbakka. Í örnefnaskrá S.B. fyrir Hrosshaga segir: „Norður af Börðunum heita Ranar og þar norður af Ásendaholt (hvorutveggja tengt Hrosshagaheiðinni). Í Ásendaholtinu eða við það hafa lengi verið fjárhús, er kölluð hafa verið Heimrihús.“ Bryndís Róbertsdóttir skráði á Hrosshaga árið 1986 og skrifaði um Heimrihús: "Braggi var byggður 1955 og notaður ásamt tóftinni sem er nú við hlið hans til 1966. En tóftin sú er mikið eldri því

Sverrir [Gunnarsson] reisti hana ekki. Vestan við braggann er hlaða og þar vestan við fjárhús steinsteypt sem notað var til 1975, en er nú notað sem vélargeymsla. Fjárbúskapur hefur verið lagður niður á jörðinni, þar er nú stórt kúabú." Í örnefnaskrá Hrosshaga H.F. frá 1975 er Ærhúsbakki skráður á sama stað og Ásendaholtið og Heimrihúsin eiga að hafa verið. Í örnefnaskránni segir: „Sunnan og suðaustan við hann [Heiðarkrika] er hæðarrani suður úr Heiðinni og nefnist Ærhúsbakki. Þar eru enn fjárhús.“ Fjárhúsinu sem lýst er í örnefnaskránni er líklega steinsteypta fjárhúsið sem Bryndís Róbertsdóttir nefnir. Fjárhúsið er eina mannvirkið sem enn stendur á Ærhúsbakka og er það um 415 m VNV bæjarins á Hrosshaga og um 315 m suðvestan Hrosshagavegar. Umhverfis fjárhúsið er slétt, grasivaxið tún og liggur slóði meðfram því (NA-SV). Ekki sjást nein ummerki um eldri útihús né bragga á yfirborði vestan fjárhússins en líklegt er að þeim hafi verið rutt út við sléttun túnsins.

Langvarandi hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda.

Heimildir: Ö-Hrosshagi H.F.; Ö-Hrosshagi S.B.; Herforingjaráðskort 47 NV; Minjaskrá Bryndísa Róbertsdóttur 1986.

ÁR-691 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Biskupstungnahreppi

ÁR-691:046 heimild leið A 426805 N 407357

Leið, óviss að hluta, er merkt inn á herforingjaráðskort 47 NV frá 1910. Hún liggur frá leið ÁR-691:041 við Brúararfoss þar sem einnig eru hreppamörk. Þaðan fer hún í suðaustur gegnum Reykjaskóg og að yfir Fullsæl hjá enda leiðar ÁR-691:043. Leiðin liggur áfram yfir Tjarnarheiði og milli Tjarnar ÁR-400 og Tjarnarkots ÁR-400:006, framhjá Torfastöðum ÁR-389 að vestanverðu og í suður að Skálholti ÁR-380. Leiðin var skráð að hluta í landi Skálholts árið 2020 og fékk þá númerið ÁR-380:067. Árið 2025 var leiðin skráð á stuttum kafla í landi Hrosshaga ÁR-387 um 330 m vestan bæjarins á Hrosshaga og um 140 m suðaustan fjárhússins á Ærhúsbakka.

Leiðin lá yfir framræst tún sem er léttþýft og gróið auk þess að vera afmarkað af skurðum til allra átta. Til norðurs lá leiðin meðfram austurhlið slétts túns sem er í rækt.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda.

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV; Birna Lárusdóttir, 2020.

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar niðurstöður fornleifaskráningar innan 6 ha deiliskipulagsreits sem nefnist Ærhúsbakki og tilheyrði áður jörðinni Hrosshaga í Biskupstungum, nú Bláskógarbyggð. Svæðið nær yfir slétt tún og gróin móa, um 200 m VNV bæjarins á Hrosshaga, og hefur áður talist til úthaga jarðarinnar. Deiliskipulagið er unnið vegna áætlana um uppbyggingu íbúðarhúsa, útihúss og lagningu vegar að mannvirkjunum. Innan marka svæðisins voru skráðar tvær fornleifar sem tengjast annars vegar landbúnaði, fjárhús ÁR-387:009, og hins vegar samgöngum, leið ÁR-691:046.

Á herforingjaráðskorti frá 1910 eru fjárhús ÁR-387:009 á Ærhúsbakka sýnd. Greinilegt er af örnefnaskránni að Ærhúsbakki hefur áður verið kallaður Ásendaholt og þar voru Heimrihús. Í dag stendur aðeins steinsteypt fjárhús á svæðinu sem byggt var um 1965 og féll úr notkun um 10 árum síðar. Ekki sést til Heimrihúsa né annarra eldri mannvirkja á yfirborði en sakmvæmt fornleifaskráningu Bryndísar frá 1986 stóðu þau vestan fjárhússins. Svæðið hefur síðar verið sléttað og gert tún. Leifar mannvirkjanna gætu þó enn leynst undir sverði. Leið ÁR-691:046 er merkt inn á sama herforingjaráðskort frá 1910 en ekki sjást nokkur ummerki hennar innan skráningarsvæðisins. Ástæða þess er rask og framkvæmdir sem fylgja landbúnaði nærri bæjum, s.s. sléttun túna og framræsla. Því er algengt að ekki sjáist til fornleifa sem sýndar eru á kortum frá byrjun 20. aldar.

Tímabundið hættumat var gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna minjastöðum og teljast því minjar innan deiliskipulagsmarka sjálfkrafa í mikilli hættu. Almennt var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastað. Engin ummerki sjást um leiðina og lega hennar hefur nú verið

áætluð á loftmynd þannig að líklegast má telja að Minjastofnun Íslands muni engra frekari mótvægisaðgerða krefjast vegna hennar.

Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kaflí 4). Ef það reynist óhjákvæmilegt að raska minjum vegna framkvæmda er það Minjastofnunar að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifarnar mega víkja.

6. Heimildir

- Birna Lárusdóttir. 2020. *Fornleifaskráning í Skálholti*. FS676-16091. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- BL:** Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Guðriður Þórarinsdóttir. 1953. *Inn til fjalla: rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík*. II. bindi. Reykjavík: Biskupstungnahreppur.
- JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. II. bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.
- JJ:** Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Lög um menningarminjar 80/12*. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>
- Kristjana Vilhjálmisdóttir. 2015. *Menningarminjar í Bláskógabyggð. Svæðisskráning fornleifa*. FS584-15221. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986:** Fornleifaskráning í Biskupstungum 1985-86. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- SB I:** *Sunnlenskar byggðir*. 1980. I. bindi. Tungur, Hreppar og Skeið. Reykjavík: Búnaðarsamband Íslands.
- Þorvaldur Thoroddsen. 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Óprentaðar heimildir:
- Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1919). Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>
- Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands*. 2025.
- Túnakort 1920:** Túnakort Hrosshaga. 1920. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

- Ö-Hrosshagi H.F.:** Örnefnaskrá Hrosshaga. 1975. Haraldur Borgar Finnsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Hrosshagi S.B.:** Örnefnaskrá Hrosshaga. [á.á.]. Steindór Björnsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Torfastaðir og Torfastaðakot:** Örnefnaskrá Torfastaða og Torfastaðakots. 1955. Eiríkur Þ. Stefánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýnir áætlaða legu leiðar ÁR-691:046 í gegnum skráningarsvæðið. Leiðin er merkt sem rauð brotalína og er lega hennar byggð á merkingu á herforingjaráðskortum frá upphafi 20. aldar.

